



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2008

Tilvísun: UST20080300011/bs

Vegframkvæmdir á Hörgárdalsvegi (815), Skriða-Björg


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða vegframkvæmd á Hörgárdalsvegi. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar að undanskilinni nýbyggingu milli bæjanna Hólkots og Skriðu. Fyrirhuguð nýbygging mun á þessum stað liggja um grannsvæði vatnsverndarsvæðisins á Vöglum í Hörgárbyggð. Auk veglagningar um grannsvæðið er fyrirhuguð efnistaka úr farvegum Ytri- og Syðri Tunguár samtals 70-80 þús m³.

Umrætt vatnsból er nýtt sem aukavatnsból fyrir Akureyri. Í kynningarskýrslu segir m.a.:
Vatnið í vatnsbólunum er grunnvatn úr setfyllunni sem þekur botn Hörgárdals. Það er að meginstofni til vatn sem hripað hefur niður úr farvegi Hörgár innan við vatnsbólssvæðið.
Í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir m.a. í 13 gr. um grannsvæði: *Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum... Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.*
Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaaðili þurfi t.d. að gera kröfur um að tæki sem notuð verða við efnistöku á grannsvæði verði skoðuð með tilliti til olfusmits. Einnig að þess verði gætt að við efnistöku verði tæki ekki við vinnu í rennandi vatni og að tækin verði þjónustuð af olíubílum utan grannsvæðis. Einnig mætti huga að takmörkun vinnsludýpis í farvegum Ytri- og Syðri Tunguár.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar tengjast fyrst og fremst efnistöku á grannsvæði vatnsbóls og hugsanlegum áhrifum hennar á gæði neysluvatns. Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að vera í stakk búin til að standa þannig að undirbúningi og eftirliti með framkvæmdinni að áhrif hennar verði óveruleg. Umhverfisstofnun telur hins vegar að Vegagerðin ætti að hafa skýrar verklagsreglur um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson


Hjalti J. Guðmundsson